



Tilnefning tveggja fulltrúa MÍT í stjórn Kjarvalsstofu í París 2022 – 2024.

Skipunartími stjórnar Kjarvalsstofu í París rann út um síðustu áramót. Nefndin er skipuð þremur aðilum, tveimur skipuðum af borgarráði að fengnum tillögum menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs, og einum skipuðum af mennta- og menningarmálaráðherra.

Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Starfstími stjórnar er þrjú ár eða frá janúar 2022 til ársloka 2024. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla m.a. um úthlutanir stofunnar til listamanna.

Óskað er eftir tillögum um tvo fulltrúa menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs en beðið er eftir skipun fulltrúa ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofustjóri menningarmála